

45. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 19. mars 2008, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Samband íslenskra sveitarfélaga 22. febrúar 2008
 - b) Stjórn SSNV 12. febrúar 2008
 2. Umsókn Atlantsolíu um lóð við Norðurlandsveg (Efstubraut 2) sbr. 7-liðar fundargerðar SBV-nefndar dags. 17. mars 2008
 3. Landsskrifstofa Staðardagskrár 21 á Íslandi, dags. 25. febrúar 2008
 4. Umhverfisstofnun – Umhverfi og heilsa barna í norrænum leikskólum, dags. 26. febrúar
 5. Skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. mars 2008
 6. Erindi Kennarasambands Norðurlands vestra, dags. 26. febrúar 2008
 7. Húsnæðismál
 8. Fundarboð á aðalfund Rarik, dags. 12. mars. 2008
 9. Fundarboð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., dags. 11. mars 2008
 10. Bréf er varðar málefni Ámundakinnar ehf., dags. 11. febrúar 2008
 11. Skýrsla Svínavatnsleið – mat á samfélagslegum áhrifum, dags 5. mars 2008
 12. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a) Samband íslenskra sveitarfélaga 22. febrúar 2008
Lögð fram til kynningar
 - b) Stjórn SSNV 12. febrúar 2008
Lögð fram til kynningar
2. Umsókn Atlantsolíu um lóð við Norðurlandsveg (Efstubraut 2) sbr. 7-liðar fundargerðar SBV-nefndar dags. 17. mars 2008
Bæjarráð tekur vel í erindið. Að öðru leyti visar bæjarráð til afgreiðslu SBV-nefndar á umsókn Atlantsolíu um lóð við Norðurlandsveg (Efstubraut 2).
3. Landsskrifstofa Staðardagskrár 21 á Íslandi, dags. 25. febrúar 2008
Ákveðið hefur verið að landsbyggðarsveitarfélög með 1000 íbúa hafi aðgang að ráðgjöf innan ramma „Fámennisverkefnisins“ í stað 800 íbúa áður. Með bréfinu er sveitarstjórnun vakin athygli á þessari breytingu.

Bæjarstjóra falið að kynna sér málið.
4. Umhverfisstofnun – Umhverfi og heilsa barna í norrænum leikskólum, dags. 26. febrúar
Lagður fram til kynningar bæklingur frá Umhverfisstofnun þar sem greint er frá úrræðum sem yfirvöld á Norðurlöndum hafa gripið til í þeim tilgangi að bæta umhverfi og heilsu barna.

Visað til fræðslunefndar til umsagnar.

5. Skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. mars 2008
Lögð fram til kynningar skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga ásamt greinargerð.

Visað til fræðslunefndar til umsagnar.
6. Erindi Kennarasambands Norðurlands vestra, dags. 26. febrúar 2008
Lagt fram til kynningar bréf frá Kennarabandi Norðurlands vestra um kjaramál kennara.
7. Húsnæðismál
Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga frá sölu á Skúlabraut 13.
8. Fundarboð á aðalfund Rarik, dags. 12. mars. 2008
Aðalfundur Rarik árið 2008 verður haldinn á Akureyri föstudaginn 11. apríl og hefur verið ákveðið að boða til samráðsfundar með sveitarstjórnarmönnum á Norðurlandi þann sama dag. Blönduósbæ er boðið að senda fulltrúa á samráðsfundinn.
9. Fundarboð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., dags. 11. mars 2008
Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir árið 2007 verður haldinn föstudaginn 4. apríl 2008. Aðalfundurinn verður haldinn í tengslum við landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
10. Bréf er varðar málefni Ámundakinnar ehf., dags. 11. febrúar 2008
Bréf Valdimars Guðmannssonar lagt fram.
11. Skýrsla Svínavatnsleið – mat á samfélagslegum áhrifum, dags 5. mars 2008
Lögð fram til kynningar
12. Önnur mál
 - a) *Bæjarstjóri upplýsir að ákveðið hefur verið að Ágúst Þór Bragason taki við starfi umsjónarmanns tæknideildar.*
 - b) *Bæjarstjóri fer yfir skýrslu VGK-Hönnunar Netþjónabú-staðarvalsathugun.*
 - c) *Bæjarstjóri upplýsir um fund sem fulltrúar heilbrigðisráðuneytis áttu við sveitarstjórnarmenn varðandi sameiningu heilbrigðisstofnanna á Sauðárkróki og Blönduósi. Töluverðar umræður urðu um málið.*

Bæjarráð leggur á það áherslu að sameiningin verði ekki til þess að þjónusta skerðist eða að störfum fækki á Heilbrigðisstofnunni á Blönduósi.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:20

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Héðinn Sigurðsson (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:

Valdimar Guðmannsson (sign.)